

EBE-035-1

Eftirlitsflug vegna eldgosavöktunar - samantekt

Dags. 4. desember 2014

Nafn eldstöðvar: Nornahraun / Bárðarbunga

Sérfræðingar Veðurstofunnar sem fóru í flugið: Elín Björk Jónasdóttir / Martin Hensch

Samantekt og niðurstöður:

Flugið var frá Reykjavíkflugvelli með TF-FMS og var flugtak kl. 14. Tilgangurinn var að fljúga línur yfir Bárðarbungu og hið nýja Nornahraun sem og að fylgjast með hegðun gosmakkar og gasdreifingu.

Suðvestanátt var ríkjandi frá yfirborði og upp úr, fremur hæg en um 25 hnútar yfir Bárðarbungu. Þegar mökkurinn sást fyrst frá Bárðarbungu leit hann út fyrir að leggja yfir mest allt hraunið, og var þéttur. Mat flugmanna var að toppar næðu 9-10.000 fetum þar sem mökkurinn fór hæst. Yfir Bárðarbungu sjálfri var þoka undir 1500 fetum svo mökkurinn sást á milli þess sem línur voru teknar í öskjunni.



Eldstöðin séð frá norðri. Hitaský yfir hrauninu í forgrunni. Mynd: Martin Hensch

EBE-035-1

Eftirlitsflug vegna eldgosavöktunar - samantekt

Þegar flogið var norður yfir Dyngjujökul létti til og var léttskýjað við gosstöðvarnar. Fljótlega sást að mökkurinn var næstum allur tvískiptur, vatnsgufan náði hærra en gasið. Vindátt hafði snúist lítið eitt þegar komið var að gosstöðvunum þannig að mökkinn lagði meira til ANA, og yfir minni hluta hraunsins. Hæsti hluti hans lækkaði í upb. 8000 fet, og á tímabili varð hann frekar tættur. Gas lagði þó nærri samfelld til austurs fyrir sunnan Snæfell þar sem mökkurinn dreifði smám saman úr sér. Tunglmyndir (SEVIRI fog rgb) styðja þetta mat, þar sem gasslæða sést úti fyrir Vopnafirði kl. 12 en utan við Austfirði kl. 17.

Hitaský var stöðugt yfir miðju hrauninu og stóðu gufubólstrar upp úr hraunjaðrinum þar sem hraunið mætir Jökulsá á Fjöllum.

Herðubreið skartaði sínu fegursta, og var skreytt fallegum lenticularis kolli.



Herðubreið, mynd: Martin Hensch

EBE-035-1

Eftirlitsflug vegna eldgosavöktunar - samantekt

Eruption site and lava field:


No major changes in the eruptive activity and the advance of the lava field have been observed. For the limited time that the vent was well visible, lava was rather surging out of the vents and only one larger bubble burst was seen. The largest outbreak of lava was seen on the northern site of the lava flow, minor outbreaks were observed in the southwest close to the vents and into a lava-free part in the middle of the flow, see photo on the next page.



Eruption site seen from NNW, rather calm bubbling activity. Photo: Martin Hensch

EBE-035-1

Eftirlitsflug vegna eldgosavöktunar - samantekt



Lava outbreak into a lava-free field in the middle of the flow (green circle).
Photo: Martin Hensch
